

AUGLÝSING

um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 126. löggjafarþings, frá 23. janúar 2001 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 8. febrúar 2001.

Gjört á Bessastöðum, 23. janúar 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.“

Alþingi samþykkti hinn 24. janúar 2001 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 126. löggjafarþings, frestað hinn 24. janúar 2001.

Forsætisráðuneytinu, 24. janúar 2001.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.